

4. Reglugerð Bandalags íslenskra skáta LANDSMÓT

1. grein

Stefnt skal að því að halda landsmót skáta þriðja hvert ár. Markmið slíkra móta er að bjóða upp á tjaldbúðalíf með fjölbreyttum viðfangsefnum fyrir alla félagar Bandalags íslenskra skáta á aldrinum 11 - 18 ára. Einnig verði yngstu félögum skátahreyfingarinnar gefinn kostur á að heimsækja mótið, en ekki er mælt með því að þau gisti yfir nótt. Þá sé einnig boðið upp á möguleika fyrir fjölskyldur skátanna, félagar í St. Georgsgildum og aðra eldri skáta að dvelja á mótinu og taka þátt í hluta þess sem boðið er upp á.

2. grein

Stjórn BÍS ákvarðar um staðsetningu Landsmóts í kjölfar ábendinga frá Skátaþingi a.m.k þremur árum fyrir mót hverju sinni. Stjórn BÍS skipar undirbúningsnefnd með minnst tveggja ára fyrirvara og síðan mótsstjórn með minnst eins árs fyrirvara. Í undirbúningsnefnd skulu vera minnst þrír menn og í mótsstjórn skulu að minnsta kosti skipaðir: Mótsstjóri, aðstoðarmótsstjóri (eða tveir mótsstjórar), fjármálastjóri, dagskrárstjóri og tjaldbúðastjóri. Mótsstjórn skal ávallt skipuð skátum úr nokkrum skátafélögum. Undirbúningsnefnd og mótsstjórn eru ábyrgar gagnvart stjórn BÍS.

3. grein

Stjórn BÍS getur, ef hún kys svo, lagt undirbúningsnefnd/mótsstjórn til eftirfarandi, allt eða einstaka liði: Tíma landsmóts, staðsetningu, mótsgjald, yfirskrift, og mótsmerki. Ákvörðun um þessa liði ber að liggja fyrir a.m.k. 18 mánuðum fyrir mót. Undirbúningsnefnd/mótsstjórn ber að vinna samkvæmt því.

4. grein.

Viðfangefni undirbúningsnefndar eru eftirfarandi:

1 Að semja um afnot af landi og annarri aðstöðu eftir því sem aðstæður krefjast hverju sinni.

2 Að gera áætlanir um nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir á svæðinu og tryggja að hafist sé handa með nægum fyrirvara.

3 Að ákveða hvenær mótið skuli haldið, ef stjórn BÍS hefur ekki gefið fyrirmæli þar um.

4 Að undirbúa og koma á framfæri fyrstu kynningu á mótinu bæði innanlands og utan.

5 Að hefja viðræður við hugsanlega styrktaraðila sbr. grein 6b).

6 Að undirbúa tillögur til stjórnar BÍS um fólk í mótsstjórn.

Undirbúningsnefnd skal ljúka ofanefndum störfum innan 10 mánaða frá því að hún var skipuð. Störfum undirbúningsnefndar skal vera að fullu lokið þegar mótsstjórn hefur verið skipuð.

5. grein

Viðfangsefni mótsstjórnar eru sem hér segir:

1 Að leita eftir og skipa fólk í undirnefndir eftir því sem þörf er á hverju sinni. Mótsstjórn skipi ætíð í tjaldbúðastjórn og dagskrárstjórn eins fljótt og auðið er.

2 Að vinna upp fjárhagsáætlun fyrir mótið og leggja hana fyrir stjórn BÍS til ákvörðunar um mótsgjöld. Ef stjórn BÍS ákveður upphæð mótsgjalds skal fjárhagsáætlunin unnin innan þess ramma.

3 Að ákveða ramma mótsins, mótsmerki og nánari tímasetningu, hafi stjórn BÍS ekki lagt mótsstjórninni þetta til. Þá skal mótsstjórn ákveða heildardagskrá, skipulag tjaldbúða, tilhögun matarmála, öryggis- og heilsugæslu og annað sem varðar undirbúning mótsins, og fylgja eftir framkvæmd þessara þátta.

Ákvarðanir um framangreind atriði þurfa að liggja fyrir minnst 14 mánuðum fyrir mót og kynningu á þeim þarf að koma á framfæri bæði innanlands og erlendis með minnst 12 mánaða fyrirvara.

6. grein.

Mótsstjórn ræður launaða starfsmenn eftir því sem þörf er á hverju sinni að höfðu samráði við framkvæmdastjóra BÍS og skal taka tillit til starfsmannahalds BÍS í heild sinni og samnýtingu þess.

Gjaldkeri BÍS leggur mótsstjórn hverju sinni línurnar í fjármálastjórn mótsins og tekur hann við það mið af fjármálastjórn og fjármálastefnu BÍS. Fjármálastjóri mótsins skal jafnframt vera fjármálastjóri BÍS. Skrifstofa BÍS ákvarðar og annast innkaup minjagripa fyrir mótið og skal stefnt að því að minjagripirnir séu tilbúnir til sölu a.m.k. þremur mánuðum fyrir mót.

7. grein

Við gerð fjárhagsáætlunar skal tekið mið af eftirtöldum atriðum:

1 Kostnaðaráætlun skal gera á föstu verðlagi sem framreikna má í samræmi við verðlagsbreytingar eins og þurfa þykir.

2 Leitað sé eftir beinum eða óbeinum styrktaraðilum fyrir mótið.

3 Mótsgjald skal miðað við það að standa undir áætlunum kostnaði við mótið auk álags er samsvari hluta þeirrar sjálfbodavinnu er lögð er fram við mótið. Þetta álag skal ákveðið af stjórn BÍS hverju sinni.

4 Stjórn BÍS skal tryggja undirbúningsnefnd og mótsstjórn fjármagn á undirbúningstíma og skal það samsvara minnst 15 áætlunum mótsgjöldum.

8. grein

Landsmót skulu fara fram á þeim tíma sem hentar með hliðsjón af sumarleyfum í skólum hér á landi og í nágrennalöndunum. Landsmót skulu standa í minnst 5 daga og mest 10 daga.

9. grein

Landsmótssvæði þarf að velja þannig að þar sé örugglega:

1 Tjaldbúðarými fyrir rúmlega áætlaðan þátttakendafjölda. Þá skal gert ráð fyrir minnst 280 fermetrum fyrir hverja 20 manna tjaldbúð. Auk þess þarf að áætla minnst 600 fermetra rými fyrir sameiginlegt athafnasvæði fyrir hverja 200 tjaldbúðagesti.

2 Svæði sem henta fjölbreyttum dagskrárliðum á eða í nágrenni við tjaldbúðasvæðið.

3 Svæði sem er greinilega afmarkað til að auðvelda nauðsynlega gæslu og þjónustu á svæðinu.

4 Aðstaða til að setja upp salernis- og hreinlætisaðstöðu sem lýtur staðli, sem viðkomandi heilbrigðisnefndir kunna að setja hverju sinni fyrir mót þessi.

5 Við val á mótssvæði skal tryggt að áætlaður kostnaður við framkvæmdir á staðnum fari ekki upp fyrir 20% af

áætluðum mótsgjöldum, og að uppbyggingin komi skátahreyfingunni í heild sinni til góða á komandi árum.

Mótsstjórn skal leita samþykkis opinberra eftirlitsaðila eins og heilbrigðiseftirlits, eldvarnareftirlits, rafmagnseftirlits, náttúruverndarráðs, almannavarna, lögreglu, landeigenda og annarra þeirra aðila, sem slíkt samkomuhald kann að heyra undir, eftir því sem þörf er á hverju sinni.

10. grein

Dagskrá landsmóts þarf að vera fjölbreytt að viðfangsefnum og þannig samsett að hún veiti öllum mótsgestum viðfangsefni við hæfi, þegar þeir eru ekki bundnir við skyldustörf við tjaldbúð eða hvíld. Þess vegna þurfa að vera í dagskrá:

1 Einstaklingsverkefni, sem reyna á hugmyndaflug, hæfni og reynslu þátttakenda.

2 Flokkaverkefni, sem reyna á samvinnu og þjálfun flokkanna.

3 Verkefni sem stuðla að fjölbreyttum kynnum mótsgesta frá mismunandi stöðum.

4 Dagskrárliðir sem stuðla að samkennd mótsgesta.

Stefnt skal að því að meginhluti dagsrár (60 - 70%) sé hefðbundin Landsmótsdagskrá sem nýtir þekkingu og efni fyrri móta.

11. grein

Mótsstjórn skal skila stjórn BÍS skýrslu og fjárhagsuppgjöri innan fjögurra mánaða frá því að móti lýkur hverju sinni.

Ráðstöfun eigna mótsins og hagnaðar/taps er alfarið í höndum stjórnar BÍS, en mótsstjórn er heimilt að koma með ábendingar þar um án skuldbindinga.

Samþykkt á stjórnarfundum BÍS, 11. mars 1997